



Barcelona-yfirlýsingin um þróun góðrar heilsuverndar á vinnustöðum í Evrópu

Samstarfshópur um heilsueflingu á vinnustöðum

Júní 2002

Inngangur

Barcelona-yfirlýsingin byggist á niðurstöðum þriðju Evrópuráðstefnunnar um heilsueflingu á vinnustöðum en hún var haldin í Barcelona 17.-18. júní 2002. Skipuleggjendur ráðstefnunnar voru Heilbrigðis- og neytendamálaráðuneyti Spánar, Atvinnu- og félagsmálaráðuneyti Spánar, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Samstarfshópur um heilsueflingu á vinnustöðum (SHV).

Ætlunarverk Barcelonaráðstefnunnar og SHV var að stuðla að heilsuvernd á vinnustöðum í Evrópu og hvetja alla sem hagsmuna eiga að gæta til að styðja hugmyndina um „hrausta starfsmenn á heilsusamlegum vinnustöðum“.

Í SHV eiga sæti fulltrúar frá öllum ríkjum Evrópubandalagsins, frá ríkjunum þremur á Evrópska efnahagssvæðinu og frá ríkjunum sem sótt hafa um aðild að Evrópubandalaginu. SHV hefur jafnan notið stuðnings Heilsueflingaráætlunar Evrópusambandsins

Brautin rudd fyrir betri heilsuvernd á vinnustöðum

Sjálfbær velmegun og félagslegt réttlæti í Evrópusambandinu byggist á öflugri heilsugæslu. Góð heilsuvernd á vinnustöðum er grundvallarforsenda fjárhagslegrar og félagslegrar velgengni í Evrópu.

Þegar Spánverjar fóru með formennsku í Evrópusambandinu (janúar-júní 2002) tóku þeir þetta mál upp og bentu á ávinninginn af að verja fé til heilsueflingar á vinnustöðum svo að unnt væri að takast á við þann vanda sem nú og í framtíðinni ógnar lýðheilsu og vinnutengdri heilsu, bæði í einstökum löndum og í allri Evrópu.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði línurnar í Evrópu með því að hrinda í framkvæmd áætlun um heilsueflingu, uppfræðslu og þjálfun svo að taka mætti á þessum málum sem eru samofin lýðheilsu.

Í ýmsum tilkynningum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og ályktunum Evrópuráðsins hefur verið bent á mikilvægi félagslegra og efnahagslegra þátta fyrir almanniheill og lýðheilsu.

Í þessu sambandi ber sérstaklega að nefna tilkynningu Framkvæmdastjórnarinnar 20. júní 2001 um „Stefnumótun í atvinnu- og félagsmálum: Rammaáætlun um fjárfestingu í gæðum“. Þar segir að heilsuefling á vinnustöðum sé meðal þess er miklu ráði um gæði vinnunnar, sem að sínu leyti sé lykilatriði umbóta á evrópska félagsmálakerfinu.

Hin nýja framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins um lýðheilsu beinist að heilsueflingu og forvörnum gegn sjúkdómum með því að leggja áherslu á það sem hefur áhrif á heilsuna hver svo sem stjórnunarstefnan eða starfsemin er. Vinnustaðurinn er vettvangur nýju heilbrigðisstefnunnar.

Engin góð lýðheilsa án góðrar vinnutengdrar heilsu

Árangur heilsuverndar í Evrópusambandinu ræðst af býsna mörgu, þ.á m. hegðun einstaklinganna og lífsháttum, heilbrigðiskerfinu, félagslegum og efnahagslegum þáttum, umhverfi og líffræðilegum atriðum. Ýmsar stjórnarfarslegar ákvarðanir og aðgerðir utan heilbrigðiskerfisins hafa mikil áhrif á lýðheilsu.

Vinnan og það sem henni fylgir og hvernig atvinnulífinu er háttað í þjóðfélögum nútímans er afdrifaríkt fyrir heilsuna, kannski það afdrifaríkasta. Heilbrigðishættir einstaklinga mótast af venjum og siðum á vinnustaðnum. Vaxandi geðrænin erfiðleikar verða ekki skýrðir nema með hliðsjón af sívaxandi streitu og álagi á vinnustöðum. Reykingar og áfengisneysla eiga sér víða langa hefð í daglegu starfi og á þessu verður ekki sigrast nema með markvissri heilsueflingu á vinnustöðum. Vinnutengd heilsa er ekki bundin við veggj verksmiðjunnar. Vinnustaðurinn hefur gríðarleg áhrif á heilsufar fjölskyldna starfsmanna og samfélagsins alls.

Vinnan og það sem henni fylgir á mikinn þátt í vaxandi kostnaði heilbrigðiskerfisins. Mikilvægustu kostnaðarliðirnir kunna að tengjast sálrænum og félagslegum þáttum í vinnuskipulaginu og þungum byrðum. Mjög margt bendir til þess að heilsuefling á vinnustöðum dragi verulega úr kostnaði við vinnutengda sjúkdóma og stuðli að heilsusamlegri starfsháttum og velliðan í vinnunni.

Vinnustaðurinn er mikilvægur vettvangur lýðheilsueflingar í síbreytilegum starfsheimi. Heimili eða félagsleg þjónusta eins er vinnustaður annars. Evrópubúar ætlast til að börnin þeirra vaxi úr grasi í öruggu umhverfi, að skólarnir séu heilsusamlegir og vinnustaðirnir líka.

Heilsuvernd á vinnustöðum stuðlar að félagslegri og efnahagslegri velsæld í Evrópu

Í framsæknum fyrirtækjum hafa menn áttað sig á „ábatanum“ af heilsueflingu á vinnustað. Þar sjá menn að hraustir starfsmenn og heilsusamlegur vinnustaður

er undirstaða efnahagslegrar velgengni. Umbreytingin til þekkingarþjóðfélags og vaxandi hlutur þjónustu í efnahagslífinu dregur síst úr mikilvægi vinnuaflsins. Þess vegna skiptir sköpum, og æ fleiri átta sig á því, að aðeins hraustir starfsmenn gera fyrirtækjum og samfélögum í heild kleift að brydda upp á nýjungum sem nauðsynlegar eru til að standast samkeppnina í hnattvæddum heimi.

Keppikeflið er að Evrópa verði mesta uppspretta nýjunga og drifkrafts í heiminum og þar náist nýtt jafnvægi milli efnahagsárangurs og samheldni í þjóðfélaginu. Þetta markmið næst aðeins með því að tengja tækni- og efnahagsnýjungar og félagslegar framfarir. Heilsan og allar hennar mörgu hliðar, þar á meðal vinnutengd heilsa, er orðin hernaðarbragð til þess að samfélagið nái þessu marki. Undirstaða þess að atvinnulíf í Evrópu geti búið sig undir átök framtíðarinnar kemur því fram í fullyrðingunni: „Engar nýjungar án heilbrigðis og heilsueflingar á vinnustað.“

Viðbrögð við núverandi og verðandi viðfangsefnum heilsuverndar á vinnustað

Þótt vitað sé að það skilar ótvíræðum hagnaði að fjárfesta í heilsuvernd á vinnustað hafa fá fyrirtæki, enn sem komið er, markað viðtæka stefnu í þessum málum og komið heilsuverndinni á. Einkum hafa lítil og meðalstór fyrirtæki, sem eru burðarás efnahagslífins þegar horft er til vaxtarmöguleika og atvinnutækifæra, átt í verulegum erfiðleikum með að flétta heilsuvernd inn í dagleg störf í fyrirtækjunum. Skammt er síðan opinberar stofnanir hófust handa um umfangsmikla heilsuvernd á vinnustöðum í tengslum við almenna endurskipulagningu á opinberum rekstri í mörgum Evrópulöndum.

Annað viðfangsefni tengist stækkun Evrópusambandsins. Ný lönd búa sig undir aðild. Margt þarf að gera til að tryggja áframhaldandi þróun góðrar heilsuverndar alls staðar í Evrópu.

Breytingar, sem eru að verða í atvinnulífinu og utan vinnumarkaðarins í Evrópuríkjum, krefjast nýrra aðferða og breyttra samskipta viðtekinna hagsmunaaðila. Tekið skal fram að skynsamleg hegðun sem stuðlar að mjög góðri heilsuvernd, þ.m.t. heilsuvernd á vinnustað, er víða stunduð. SHV hefur útbúið og komið á framfæri leiðbeiningum um hvernig æskilegt er að standa að heilsueflingu á vinnustöðum, bæði í stórum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum og hjá hinu opinbera. Þessar evrópsku leiðbeiningar staðfesta þá trú að fjárfesting í heilsuvernd á vinnustöðum borgi sig: fyrir starfsmennina og fjölskyldur þeirra, fyrir fyrirtækin og þjóðfélagið í heild sinni.

Vegurinn framundan: Innviðir treystir til að koma heilsuvernd á vinnustað á laggirnar

Í Evrópu eru mörg lönd og ólíkir siðir, gildismat með ýmsu móti, sagan margslungin, velgengni og hnignun á ýmsa lund. Þessi mikla fjölbreytni og fjölpætta reynsla er einn helsti aflvaki álfunnar. Árangur heilsuverndar á vinnustað, sem er hluti af lýðheilsu, ræðst af því hvort mönnum tekst að nýta

sér þennan mikla þekkingarauð. Einkanlega er brýnt að finna nýjar leiðir til að útbreiða þekkingu á þessu sviði og festa hana í sessi.

SHV bregst við þessu með því að hvetja til samvinnu og koma upp vinnuhópum, bæði innan einstakra landa Evrópusambandsins og milli þeirra. Umræðuhópar í hverju landi og vinnuhópar sem hafa samvinnu um alla Evrópu, veita öllum hagsmunahópum – notendum, njótendum, veitendum, háskólamönnum og stefnumótendum – tækifæri til að vinna saman, skiptast á upplýsingum og gagnlegum ráðum og taka höndum saman um aðgerðir til að ná sameiginlegu markmiði: „Hraustir starfsmenn á heilsusamlegum vinnustöðum“. Sérhver þjóð verður að koma sér upp eigin áætlun um heilsuvernd á vinnustöðum. Þjóðirnar eru misvel á vegi staddar, þarfirnar og hefðirnar ólíkar, og þess vegna þarf að taka með mismunandi hætti á málunum í ólíkum löndum.

Engu að síður þarf að vera til yfirþjóðlegt aðgerðaráð svo að þjóðirnar geti lært hver af annarri og notfært sér fjölbreytnina til að brydda upp á nýjungum. Mikilvægt er að þetta aðgerðaráð skapi hæfilegt jafnvægi milli lagalegs og formlegs skipulags og leiti út fyrir opinberar stofnanir og formlegan vettvang til að allir fræðist og standi samhuga að verki.

Meðal ýmissa Evrópuþjóða skortir einnig þekkingu á aðferðum til að meta hvaða úrbóta er mest þörf og hvernig eigi að hrinda heilsuvernd á vinnustað í framkvæmd. SHV hleypur hér undir bagga og býður fram evrópska „verkfærakistu“ sem gramsa má í til að koma þessu í kring.

Loks má nefna að raunverulegur árangur ræðst af því hvort tekst að sannfæra fleiri ráðamenn og mögulega fjárfesta um ábatann af að leggja fé í heilsueflingu á vinnustöðum. Til þessa þarf nána samvinnu vísindamanna, sérfræðinga og ráðamanna svo að tryggt sé að vísindalegar niðurstöður og staðgóð þekking verði höfð að leiðarljósi þegar markmið eru sett og ákvarðanir teknar um aðferðir, stefnu og fjárveitingar.

Nýtt bandalag um breytingar: Aðgerðalisti

Aðildarlöndin eru hvött til:

- að leggja sitt af mörkum til sameiginlegrar stefnumótunar og aðgerða til að bæta heilsufar vinnandi fólks, hvetja það til hollari lífshátta og draga úr ójafnræði í heilsutengdri vinnu;
- að tryggja nána samvinnu milli opinberra stofnana - bæði ríkis og sveitarfélaga – um málefni vinnustaða og bæta þannig samskipti og samræma aðgerðir sem beinast að heilsuvernd á vinnustöðum og lýðheilsu;
- að sjá til þess að heilsugæslan setji heilsuvernd á vinnustöðum á oddinn;
- að ýta undir að settar séu á laggirnar samráðsnefndir og samstarfshópar innan lands til að efla heilsuvernd á vinnustöðum og að í þeim hópum eigi allir hagsmunaaðilar fulltrúa, t.d. starfsmannafélög, ríkisvald, fyrirtæki og aðrir, svo að þar fái stöðugt vettvangur til skoðanaskipta og samhæfðra aðgerða;
- að hvetja til og styðja þjálfun og rannsóknir á heilsueflingu á vinnustað.

Stofnanir Evrópusambandsins eru hvattar til:

- að stuðla að samhæfingu þeirra sem þegar eru virkir í heilsueflingu á vinnustöðum í hverju landi;
- að stuðla að því að þekking á heilsuvernd á vinnustað einhvers staðar í Evrópu sé aðgengileg fyrir alla evrópska vinnustaði;
- að ganga á undan með góðu fordæmi að því er varðar stefnumótun fyrir alla geira atvinnulífsins og öll fræðasvið í Evrópu.